

Sjávarúgvegsráðstefnan 2017, Hörpu, 16. – 17. nóvember
Árni Bjarnason.

Hvað geta sjómannasamtökin gert til að bæta
öryggismál sjómanna ?



Nr.1.

Að vinna að því með öllum ráðum að reglugerð nr.200/2007 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum sé framfylgt.

Í fyrsta kafla þessarar í reglugerðar eru settar fram almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf, verndun öryggis og heilsu, útilokun þeirra þátta er bjóða hættu heim eða valda slysum, upplýsingar, samráð, eðlilega þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra, svo og almennar viðmiðanir við framkvæmd téðra meginreglna.

Í öðrum kafla 4. – 11 gr. er í löngu máli fjallað ítarlega um skyldur vinnuveitenda

Þriðji kafli þ.e. 12. grein snýr að skyldum starfsmanna og í þeim fjórða ýmis ákvæði og skilgreiningar ásamt 17 tilskipunum frá Evrópubandalaginu sem snúa að öryggi og hollustu á vinnustöðum

Á hvaða vettvangi geta forsvarsmenn sjómanna látið að sér kveða ?

Í gegn um tíðina hafa verið starfandi á þessu sviði stjórnir, nefndir og ráð s.s.Siglingaráðið (gamla) Fagráð um siglingamál ,Öryggisfræðslunefnd sjómanna, Verkefnisstjórn langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda, og fagráð um hafnamál. Sjómannasamtökin hafa að beiðni stjórnvalda tilnefnt fulltrúa í alla þá hópa sem hér eru nefndir.



Við getum gert betur

Óhætt er að segja að virkni þessarar starfsemi og um leið áhugi stjórnvalda hafi verið mismikill frá einum tíma til annars. T.d. Má nefna að á sínum tíma barst okkur beiðni um endurtilnefningu í Verkefnisstjórn langtímaáættunar um öryggismál sjófarenda þann 27. september 2011 og var brugðist við því og tilnefnt af hálfu FFSÍ. Skipunarbréf ráðuneytisins barst hins vegar ekki fyrr en 2. júní 2015 eða tæpum 4 árum seinna sem óneitanlega er vísbending um að betur hefði mátt standa að málum.



Nýtt Siglingaráð

Þann 13. sept. sl. Barst FFSÍ beiðni um tilnefningu í nýtt og öflugt Siglingaráð sem leysa á af hólmi allt það sem áður hefur verið nefnt. Af hálfu FFSÍ hefur verið tilnefnt í nefndina en skipunarbréf frá fagráðuneyti hefur ekki borist ennþá. Það er von mín og trú að þetta nýja Siglingaráð verði virkur og öflugur vettvangur, til aukins öryggis sjófarenda þar sem lögð verði áhersla á að uppfylla þau atriði sem hveðið er á um í reglugerðinni sem bent var á í upphafi.



Margt jákvætt

Sjómannasamtökin hafa í áranna rás komið á framfæri við stjórnvöld og fjölmiðla fjölmörgum ályktunum og áskorunum varðandi öryggismál sjómanna. Í ákveðnum tilvikum fullyrði ég að fundahöld með ráðamönnum í kjölfar umfjöllunar hafi skilað óumdeildum árangri.



Þar má t.d. nefna aðkomu samtaka sjómanna varðandi þyrlukaup til björgunarstarfa og í framhaldinu marg endurteknar kröfur um að tvær þyrlur yrðu ávalt að vera tiltækar ef sinna þyrfti slysa eða veikindatilvikum utan 20 sml. Skiparekstur LHG hefur ekki síður verið gagnrýndur þar sem fjárskortur hefur staðið starfseminni fyrir þrífum.

Samtökin munu hér eftir sem hingað til beita sér fyrir að öryggi sjómanna verði tryggt með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru. FFSÍ og SSÍ sitja í stjórn Slysavarnaskóla sjómanna og hafa góða mynd af því starfi sem þar fer fram.



Það er óhætt að fullyrða að gríðarlegar framfarir hafi átt sér stað hvað varðar öryggismál sjómanna. Þar hlýtur maður fyrst að nefna til sögunnar Slysavarnarskóla sjómanna og það frábæra starf sem þar er unnið. Þar má finna grunninn af þeirri jákvæðu þróun sem við höfum upplifað undanfarin ár.



Í síðustu kjarasamningum sjómanna var gerð bókun sem gengur út á að sjómannasamtökin og SFS standi sameiginlega að athugun á mönnun og hvílastíma um borð í íslenska fiskiskipaflotanum. Þessi könnun, sem verið er að hrinda í framhväemd, er virkilega jákvætt skref til eflingar öryggisþáttarins um borð í fiskiskipum og mjög mikilvægt að vel takist til við framhväemd hennar.



Það blasir við að aukin samvinna samtaka sjómanna og útgerða gerir okkur kleift að gera enn betur á þessu sviði. Sameiginlegt markmið allra hagsmunaaðila á þessu sviði leiða af sér ávinning sem skilar sér klárlega á jákvæðan hátt til allra er málið varðar.





SJALF-
STYRINGU
UM BORD



1000 Tonna
SKUT-
TOGARA

SJONVARP
UM
BORD



H.F. - TEKI
I
BRUNA

BETRA MAT
- Å -
FISKINN

FLEIRI
TRIX

MEIRI
LUMMU

1. MAI
1970

LENGRA
STOPP
I
LANDI

EGG
FYRIR
ALLA

THULE
MED
MATNUM

Takk fyrir

